



54. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Fundur haldinn rafrænt á Teams miðvikudaginn 6. september 2023 og hófst fundurinn kl. 13:00.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Hilda Jana Gísladóttir, Hermann Ingi Gunnarsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Pröstur Friðfinnsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Guðjón M. Ólafsson, Katrín Sif Ingvarsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Axel Grettisson boðaði forföll.

1. 6 mánaða uppgjör

Lagt fram 6 mánaða uppgjör reksturs SSNE. Rögnvaldur Guðmundsson verkefnastjóri mætti til fundarins og fór yfir helstu atriði uppgjörins fyrir stjórninni. Rekstur félagsins hefur verið heilt yfir á áætlun þessa fyrstu sex mánuði ársins.
Stjórn þakkar Rögnvaldi fyrir kynninguna.

2. Haustþing SSNE 6. október

Lögð fram drög að dagskrá haustþings SSNE sem haldið verður 6. október næstkomandi. Samkvæmt samþykktum er gert ráð fyrir að þingið verði rafrænt.
Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga frá dagskrá þingsins í samræmi við umræður á fundinum og senda út með þingboði til þingfulltrúa og annarra gesta.

3. Samgöngu- og innviðastefna Norðurlands eystra

Lögð fram að nýju drög að samgöngu- og innviðastefnu Norðurlands eystra.
Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna stefnuna áfram í samræmi við umræður á fundinum með það að markmiði að drögin verði send út með þinggögnum haustþings SSNE.

4. Skipan í fulltrúaráð Brákar

Lagður fram tölvupóstur frá formanni stjórnar Brákar þar sem óskað er eftir skipan aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð Brákar.
Stjórn samþykkir að skipa Ragnheiði Jónu Ingimarsdóttur, Þingeyjarsveit sem aðalfulltrúa í fulltrúaráð Brákar og Lindu Margréti Sigurðardóttur, Eyjafjarðarsveit sem varafulltrúa.

5. Skýrsla um möguleika á endurheimt votlendis á Norðurlandi eystra

Lögð fram skýrsla um möguleika á endurheimt votlendis á Norðurlandi eystra. Skýrslan hefur nú þegar verið send sveitarfélögunum til umfjöllunar. Smári Jónas Lúðvíksson verkefnastjóri mætti til fundarins til að kynna skýrsluna.
Stjórn þakkar Smára fyrir kynninguna.

6. Svæðisáætlun úrgangsmála – staðan

Sveitarfélögin innan SSNE og SSNV hafa nú öll samþykkt [svæðisáætlun úrgangsmála](#). Smári Jónas Lúðvíksson sat fundinn undir þessum lið til að fara yfir framkvæmd áætlunarinnar.
Stjórn þakkar Smára fyrir kynninguna.

7. Umhverfisstefna og aðgerðaáætlun: Svæðisáætlun umhverfismála

Rætt um áhersluverkefni í umhverfismálum og tækifærin sem gætu falist í að vinna sameiginlega loftslagsstefnu fyrir landshlutann. Smári Jónas Lúðvíksson og Kristín Helga Schiöth sátu fundinn undir þessum lið.
Stjórn felur framkvæmdastjóra að leggja fyrir stjórn útfærslu á verkefninu ásamt kostnaðaráætlun.

8. Líforkuver – staða verkefnisins og heimsókn í líforkuver erlendis

Farið yfir stöðu líforkuvers á Dysnesi og lagðar fram stofnsamþykktir vegna þróunarfélags um líforkugarða. Kristín Helga Schiöth og Smári Jónas Lúðvíksson verkefnastjórar sátu fundinn undir þessum lið og kynntu einnig undirbúning á heimsókn sveitarstjórnarfólks á Norðurlandi eystra í líforkuver í Finnlandi og Noregi.
Stjórn þakkar fyrir kynninguna og leggur áherslu á að fyrirhugað líforkuver verði staðsett í landshlutanum.

9. Uppbyggingarsjóður – úthlutunarreglur og tillögur að áherslum vegna úthlutunar 2024

Þetta erindi var áður samþykkt af stjórn í tölvupósti sem sendur var til stjórnar 28. ágúst síðastliðinn. [Úthlutunarreglur og áherslur Uppbyggingarsjóðs fyrir árið 2024](#) eru nú aðgengilegar á heimasíðu SSNE.
Stjórn staðfestir erindið.

10. Bókun vegna Húsavíkurflugs

Eftirfarandi bókun var samþykkt í tölvupósti 26. ágúst síðastliðinn:
Stjórn SSNE tekur undir bókun byggðaráðs Norðurbings frá 13. júlí síðastliðinn. Reglulegt áætlunarflug á Aðaldalsflugvöll er mikilvægt fyrir íbúa, atvinnulíf og frekari vöxt svæðisins. Flugíð er jafnframt undirstaða þess að vel takist til í þeirri uppbyggingu sem framundan er til að mynda í landeldi, uppbyggingu Grænna iðngarða á Bakka og tvöföldun Þeistareykjavirkjunar.

Stjórn SSNE hefur áður fjallað um mikilvægi þess að stutt verði við flug um Aðaldalsflugvöll og kom meðal annars inn á það í umsögn sinni um drög að Samgönguáætlun á Samráðsgátt stjórnvalda fyrr í sumar og ítrekar stjórnin þá afstöðu sína.
Stjórn staðfestir bókunina.

11. Mál til kynningar

- a. Fundargerð [929.](#), [930.](#) og [931.](#) fundar stjórnar Sambandsins
- b. Fundargerð [597.](#) fundar stjórnar SASS.
- c. Fundargerð [96.](#) og [97.](#) fundar stjórnar SSNV.

12. Önnur mál

Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór yfir það sem helst hefur verið á baugi í starfsemi SSNE frá síðasta stjórnarfundi.

- a. *Jafnréttisstefna SSNE*
Lögð fram drög að jafnréttisstefnu SSNE.
Lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 15:49.